

Kópavogi, 22. ágúst 2019.

Ágæti skólastjóri.

Hér eru nokkur atriði sem við viljum minna á í aðdraganda samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk. **Við óskum eftir að þetta bréf verði sent áfram** til þeirra starfsmanna skólans sem koma að samræmdum könnunarprófum.

Prófin verða haldin sem hér segir:

- 19. september – 7. bekkur, íslenska
- 20. september – 7. bekkur, stærðfræði
- 26. september – 4. bekkur, íslenska
- 27. september – 4. bekkur, stærðfræði

Upplýsingar um prófin og framkvæmd þeirra

Á vef [Menntamálastofnunar](#) er að finna allar upplýsingar um könnunarprófin. Þar eru [leiðbeiningar um framkvæmd](#), góðar upplýsingar um ferlið og fleira.

Skráning stuðningsúrræða og undanþága

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda fyrir miðnætti **fimmtudaginn 5. september** í [Skólagátt](#). Eyðublöð fyrir [umsóknir](#) um stuðningsúrræði og undanþágur má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Innskráning í próf á prófadögum

Til að draga úr álagi er hvatt til þess að nemendur hefji próftöku með ákveðnu millibili. Hefji allir nemendur próftöku á sama tíma getur orðið mikið álag á netkerfi skóla og á prófakerfið. Til að minnka líkur á hvers konar tæknilegum vandamálum er farsælast að dreifa álagi eins og kostur er. Mælst er til þess að skólastjórar ákveði að upphaf próftöku nemenda verði með jöfnu millibili. Til dæmis að skipta nemendahópnum í fjóra hópa þar sem hver hópur hefur próftöku með 5 eða 10 mínútna millibili. Aðstæður eru ólíkar og eru skólastjórar hvattir til að útfæra þetta eins og hentar á hverjum stað.

Gátlisti og viðbragðsáætlun

Mikilvægt er að skólar undirbúi vel framkvæmdina og geri viðbragðsáætlanir gagnvart hvers konar hnökrum á prófdögum. Á vef Menntamálastofnunar má sjá [viðbragðsáætlun](#) stofnunarinnar og [gátlista skóla](#) sem gagnlegt er fyrir skólastjórnendur og/eða umsjónaraðila prófanna að kynna sér.

Kynningarpróf

Með [kynningarprófunum](#) geta nemendur, kennarar, foreldrar og aðrir áhugasamir kynnt sér prófakerfið. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara að skrá sig inn í kynningarpróf, m.a. til að sjá hvernig prófakerfið og veflás virka.

Upplýsinga- og fyrirspurnarfundir (fjarfundir)

Líkt og áður munum við bjóða upp á fyrirspurnartíma þar sem starfsmenn skóla geta átt samtál við starfsmenn Menntamálastofnunar, komið með fyrirspurnir og fengið svör við þeim. Þessir fyrirspurnartímar hafa gefist vel og eru upplýsandi fyrir alla aðila. Við viljum endilega fá umsjónaraðila prófa, kennara, tölvufólk og aðra til að tengjast fundunum og koma með spurningar um undirbúning prófanna. Það er einnig sjálfsagt mál að tengjast slíkum fundum án þess að spyrja nokkurs. Oft reynist líka gagn af að hlusta á vangaveitur annarra.

Upplýsingafundir verða haldnir eftirtalda daga:

Miðvikudaginn 28. ágúst, kl. 14:30

Miðvikudaginn 4. september, kl. 14:30

Miðvikudaginn 11. september, kl. 14:30

Mánudaginn 16. september, kl. 14:30

Þau sem vilja taka þátt í fundunum eru beðin að tilkynna þátttöku sína með því að senda tölvupóst á kynningarmal@mms.is.

Bréf til nemenda og foreldra

Nú eru upplýsingabréf til nemenda í 4. og 7. bekk og forráðamanna þeirra aðgengileg á [vef stofnunarinnar](#). Þau hafa verið þýdd á ensku og pólsku. **Við óskum eftir því að skólar komi upplýsingabréfunum til nemenda og foreldra/forráðamanna.**

Hafið samband ef eitthvað er

Ef þörf er á nánari upplýsingum eða stuðningi vegna prófanna, vinsamlega sendið fyrirspurnir á netfangið prof@mms.is. Starfsfólk í þjónustuveri Menntamálastofnunar er ávallt tilbúið til að aðstoða í síma 514-7500.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.